

Fimmtudaginn 23. janúar 1997.

Nr. 410/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Tryggva Rúnari Leifssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Umferðarlagabrot. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 6. nóvember 1996. Ákærvaldið krefst þess, að refsing verði þyngd.

Ákærði krefst þess, að refsing samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði milduð.

Með héraðsdómi var ákærði sakfelldur á grundvelli játningar hans í samræmi við ákærur fyrir brot framin árið 1996 gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann á árunum 1968 til 1995 hlotið 21 dóm og gengist undir fimm dómsáttir vegna brota á almennum hegningarlögum, áfengislögum og umferðarlögum. Hann hlaut síðast dóm fyrir skjalafals 24. nóvember 1994, fangelsi í fjóra mánuði. Þá hlaut ákærði dóm fyrir brot gegn umferðarlögum 25. janúar 1995, fangelsi í þrjá mánuði, auk áréttingar á ævilangri sviptingu ökuréttar, og var það hegningarauki við fyrrgreinda dóminn. Hinn 1. desember 1995 fékk ákærði reynslulausn í eitt ár á 63 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar samkvæmt þessum dómum. Með þeim brotum, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð reynslulausnar, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, svo sem henni var breytt með 3. gr. laga nr. 16/1976. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður ákærða nú gerð refsing í einu lagi með hliðsjón af þeirri refsivist, sem ólokið er, og hún tiltekin samkvæmt 77. gr. laganna. Með tilliti

til sakaferils ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að í héraðsdómi er ranglega hermt, að fangelsisrefsing, sem ákærði afplánaði á árunum 1977 til 1981, hafi meðal annars verið fyrir manndráp.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. september 1996.

I.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur lögreglustjórinn í Reykjavík höfðað með ákæru, út gefinni 26. ágúst sl. og birtri 18. þ. m., á hendur Tryggva Rúnari Leifssyni, Grýtubakka 10, Reykjavík, f. 2. október 1951 (fnr. 297), fyrir að aka bifreiðinni R-70596 aðfaranótt sunnudagsins 31. mars 1996, sviptur ökurétti, frá Grýtubakka 10 í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Breiðholtiðbraut á móts við Suðurfell.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Hinn 27. ágúst sl. höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur Tryggva Rúnari og ..., Reykjavík, f. ... 1959, með ákæruskjali, birtu fyrir ákærða Tryggva 18. þ. m. og ... 17. þ. m.

Ákærða Tryggva Rúnari er gefið að sök umferðarlagabrot með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 17. febrúar ekið bifreiðinni R-70596, sviptur ökurétti ævilangt, um götur í Reykjavík og Kópavogi, en ákærði var staðinn að þeim akstri á Skemmuvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

II.

Ákærðu báðum er gefinn að sök þjófnaður með því að hafa í félagi um miðnætti föstudaginn 1. mars brotist inn í íbúð að Þingholtsstræti 8, Reykja-

vík, og stolið þaðan myndbandstæki, fjarstýringu, tölvuskjá, lykklaborði og drifi, allt að verðmæti um 200.000 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Málin hafa verið sameinuð. Við þingfestingu kom fram játning af hálfu Tryggva Rúnars, en ... sótti ekki þing. Málið var þá klofið, og er nú einvörðungu dæmt um brot Tryggva Rúnars.

Ákærði hefur gengist við sakargiftum. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með játningu ákærða, sem hefur nægan stuðning í sakargögnum, þykir fullsannað, að hann hafi aðhafst það, sem hann er ákærður fyrir. Brot ákærða eru réttilega færð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði Tryggvi Rúnar hefur, síðan hann varð 18 ára, tíu sinnum hlotið dóm, þar af sjö sinnum fyrir skjalafals og átta sinnum fyrir auðgunarbrot, án þess að verulega langur tími liði á milli nema á árunum 1977 til 1985, en hann afplánaði fangelsisrefsingu fyrir manndráp o. fl. frá 1977 til 1981, þegar hann hlaut reynslulausn. Frá þeim tíma hlaut hann fyrst dóm fyrir hegningarlagabrot, skjalafals, 1988. Hann var síðast dæmdur fyrir þær sakir 31. ágúst 1990. Hann hlaut reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, 40 dögum, 3. desember 1992 og telst hafa staðist skilorð. Ákærði hefur nú sinnum sætt refsingu fyrir akstur án ökuréttar, þar af tvisvar hegningarauka. Síðast gerðist það 25. janúar 1995, en þá var hann jafnframt dæmdur fyrir ölvunar-akstur og sviptur ökurétti ævilangt. Þykir nú bera að dæma ákærða í fangelsi án skilorðs, eins og sakaferli hans er háttað.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að hann framdi innbrot og stal umtalsverðum fjármunum. Ákærði sæti viðurlögum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að rannsakað var blóðsýni úr ákærða Tryggva Rúnari vegna ætlaðs ölvunaraksturs 31. mars 1996. Rannsókn þessa þáttar hefur ekki leitt til ákæru. Kostnaður vegna hennar, 6.432,00 kr., telst ekki til sakarkostnaðar. Engan sakarkostnað hefur leitt af rannsókn á umferðarlagabrotum ákærða Tryggva Rúnars.

D ó m s o r ð:

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson sæti fangelsi í 8 mánuði.